

Minnisblað

Dagsetning: 25. júní 2025
Viðtakandi: Félags- og húsnæðismálaráðherra
Sendandi: Formaður VR
Viðfangsefni: Áherslumál VR

Minnisblað þetta er lagt fram á fundi formanns VR með félags- og húsnæðismálaráðherra og tilgangur þess er að reifa þau mál sem VR telur mikilvægt að vekja athygli ráðherra á.

Húsnæðismál

VR hefur um árabil lagt þunga áherslu á húsnæðismál, sem eru stærsta kjaramál launafólks. Því miður hefur sú stefna fengið að viðgangast að líta á húsnæði sem fjárfestingavöru og hefur það haft þær afleiðingar að þorri launafólks býr við óhóflegan húsnæðiskostnað, hvort sem er til leigu eða eignar. Hávaxtastefna Seðlabankans hefur reynst launafólki sérlega skaðleg og það er mat VR að sú stefna sé hápólitísk og henni sé beinlínis ætla að tryggja að leigjendur og skuldarar beri byrðarnar af óáran í efnahagsmálum. VR lítur svo á að eitt mikilvægasta verkefni stjórnvalda sé að tryggja að launafólk hafi aðgang að húsnæði á viðráðanlegum kjörum. VR telur forgangsmál að koma böndum á leigumarkað og hefur lagt sitt af mörkum með uppbyggingu íbúðafélagsins Blævar. Stjórnvöld hafa ítrekað gefið loforð um að bæta réttarstöðu leigjenda en nauðsynlegt er að koma á leigubremsu og auka húsnæðisöryggi leigjenda. VR styður heilshugar áframhaldandi uppbyggingu innan Bjargs – íbúðafélags og telur jákvætt að stjórnvöld vilji reisa skorður við skammtímaútleigu, en vöxtur hennar hefur mjög slæm áhrif á bæði eigna- og leigumarkað.

Atvinnuleysistryggingar

Stjórn og trúnaðarráð VR hafa fjallað um áform félags- og húsnæðismálaráðherra um að stytta tímabil atvinnuleysistrygginga og er hér með komið á framfæri eindregnum mótmælum við þau áform. Áformin eru illa rökstudd og ljóst er að VR getur ekki fellt sig við að réttindi launafólks séu skert án formlegs samráðs við verkalýðshreyfinguna. VR hvetur ráðherra til að falla frá þessum áformum.

Hugmyndir um auknar valdheimildir ríkissáttasemjara

Stjórn VR hefur varað eindregið við tillögum starfshóps forsætisráðherra um hagræðingu í ríkisrekstri sem lúta að endurskoðun á vinnumarkaðslöggjöfnni, útvistun eftirlits á vinnumarkaði og skerðingu á réttindum opinberra starfsmanna. VR áréttar að breytingar á vinnumarkaðslöggjöfnni verða að vinnast í sátt og samráði við verkalýðshreyfinguna.



Hugmyndir SA um auknar valdheimildir ríkissáttasemjara eru skammsýnar að mati VR og myndu vega að samingafrelsi á vinnumarkaði og kollvarpa því vinnumarkaðslíkani sem hefur verið við lýði hér á landi undanfarna áratugi. Forsenda þess að ná fram sátt á vinnumarkaði er að launafólk semji um kaup og kjör á eigin forsendum og í virku samtali við atvinnurekendur. Það er ótækt að úthýsa þeirri ábyrgð til erindreka ríkisvaldsins.

Réttur til endurhæfingarlífeyris

VR vill vekja athygli ráðherra á vandkvæðum sem geta falist í yfirfærslu einstaklinga af sjúkradagpeningum stéttarféлага og á endurhæfingarlífeyri. Samkvæmt núgildandi lögum eru greiðslur reiknaðar frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir að greiðsluréttur er fyrir hendi. Renni réttur gagnvart sjúkrasjóði VR út snemma mánaðar getur fólk lent í því að vera tekjulaust í allt að fjórar vikur. VR óskar þess að ráðherra beiti sér fyrir endurskoðun laganna og tryggi samfellu í réttindum einstaklinga sem þurfa á endurhæfingarlífeyri að halda eftir að réttindi til sjúkradagpeninga eru fullnýtt. Þá telur VR æskilegra að endurhæfingarlífeyrir sé greiddur eftir á líkt og á almennt við um laun, lífeyrisgreiðslur og atvinnuleysistryggingar.